

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 43/1991. **Anton Ásgrímur Kristinsson**

(Andri Árnason hrl.)

gegn

**Ögurvík hf. og**

**Tryggingu hf. til réttargæslu**

(Stefán Pálsson hrl.).

Skaðabótamál. Vinnuslys.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1991. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 4.193.849 krónur ásamt ársvöxtum sem hér segir: 45% af 4.087.280 krónum frá slysdegi 13. febrúar 1986 til 1. mars sama ár, 33% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, með 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, með 30% frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 12. mars 1988, en af 4.193.849 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. mars 1987. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefnda hafa ekki verið gerðar kröfur í málinu, og engar kröfur eru gerðar á hendur honum.

Tvö ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þ.e. nýr útreikningur örorkutjóns áfrýjanda og umsögn Iðntæknistofnunar, sem síðar getur.

### **I.**

Slys það, er mál þetta snýst um, varð 13. febrúar 1986 um borð í bv. Vigra, RE-71, er áfrýjandi var að smyrja tessa á skálkum á hurð á þílfari skipsins. Við verkið notaði hann smurningsdælu með um það bil 35 cm langri slöngu. Eru frásögn áfrýjanda af slysinu

gerð skil í hinum áfrýjaða dómi. Þar kemur og fram, að áfrýjandi, sem var 1. vélstjóri á skipinu, hafði oft áður notað þessa smurningsdælu án þess að verða þess var, að slöngunni væri að einhverju leyti áfátt.

Jón Bjarnason, sem var yfirvélstjóri á bv. Vigra, sagði fyrir dómi, að hann teldi, að slanga dælnnar hefði átt að þola þann þrýsting, sem fylgdi átaki eins manns. Hann kvaðst hafa séð slönguna eftir slysið, og hafi hún verið þverkubbuð við stútinn dælu megin, að því er hann minnti. Hafi slangan verið þar í sundur, rifa á henni hálfri, nóg til þess, að hún hafi hlaupið eða hrokkið til, þegar hún brast. Jón kvaðst ekki hafa skoðað smurkopp þann, sem áfrýjandi var að smyrja í, er slangan gaf sig. Þá sagði hann, að slöngunni hefði verið fleygt, þegar til hafnar kom, og ný verið sett við dæluna.

Í umsögn Iðntæknistofnunar 8. júlí 1992, sem áfrýjandi óskaði eftir og undirrituð er af Aðalsteini Arnbjörnssyni verkfræðingi, segir svo, eftir að greint hefur verið frá því, að farið hafi verið yfir staðla og umsagnir frá framleiðanda einnar tegundar af koppafeitisdælum:

„Okkar mat er eftirfarandi:

1. Sé búnaður í lagi og slanga óskemmd, teljum við ekki hættu á, að slangan geti sprungið eða rifnað, jafnvel þótt kröftugu handafli sé beitt.

2. Slangan getur hins vegar losnað frá dælu, hafi henni ekki verið komið nægilega örugglega fyrir, óhreinindi hafi verið í gengjum eða slangan ekki skrífuð á fullu upp í dæluna.

3. Hafi sjálf slangan sprungið, hefur hún væntanlega verið gölluð frá framleiðanda eða skemmd af einhverjum orsökum, áður en dæling hófst. Ekki er þó hægt að útiloka, að notuð hafi verið slanga frá framleiðanda, sem ekki þolir tilætlaðan þrýsting og ekki hefur verið ætlast til, að notuð sé á koppafeitsdælu af þessari gerð. Engin staðfesting liggur fyrir, hvaða gerðir af búnaði voru notaðar, þegar óhappið átti sér stað.“

## II.

Leitt er í ljós, að slysið, sem áfrýjandi varð fyrir, átti rætur að rekja til þess, að slanga á handknúinni smurningsþrýstidælu fór í sundur. Hins vegar er á huldu, hvað því olli. Er óvíst, hvort ráða mátti af útliti slöngunnar, að varasamt væri að nota hana. Áfrýj-

anda hefði þá borið að gera ráðstafanir til, að skipt yrði um slöngu, en honum var ljóst, að tiltækar voru í skipinu ónotaðar slöngur á dæluna. Óvissa um nefnd atriði er afleiðing þess, að slöngunni var hent eftir slysið, án þess að nokkur rannsókn færi fram á henni áður. Yfirmönnum skipsins bar að sjá til þess, að slöngunni væri haldið til haga og að viðhlítandi rannsókn færi fram til að leiða í ljós orsök þess, að hún fór í sundur.

Með skírskotun til þessa er fullnægt lagaskilyrðum til þess, að stefnda verði gerð fébótaábyrgð á slysinu.

Áfrýjandi var 1. vélstjóri á skipinu og hafði að eigin sögn oft notað umrædda dælu. Hann átti vegna menntunar sinnar og starfsreynslu að kunna full skil á dælunni og hvers þurfti að gæta við notkun hennar. Þá mátti honum vera ljóst mikilvægi þess, að slangan yrði varðveitt. Verður hann því að bera nokkurn halla af þeirri óvissu, sem er um orsakir slyssins.

Þegar framanskráð er virt, þykir rétt, að stefndi bæti áfrýjanda tjón hans af völdum slyssins að 2/3, en sjálfur beri hann 1/3 hluta þess.

### III.

Áfrýjandi fór til dr. med. Ólafs Grétars Guðmundssonar, sérfræðings í augnlækningum, 15. febrúar 1986. Í vottorði læknisins 24. maí 1988 segir meðal annars svo:

„Sjón við fyrstu komu reyndist á hægra auga vera 6/24 án glers, en 6/9 - gegnum nálarauga. Á vinstra auga var sjón alveg eðlil. eða 6/5 án glers. Skoðun leiddi í ljós dreifðan roða á slímhimnu hægra auga og hornhimna var dál. skýjuð. Í forhólfi augans var blóðstorka og rifa í ljósop ofan til nefmegin. Augasteinn virtist að mestu tær, en við augnspeglun var innsýn óskýr, það sáust þó engin merki um áverka á sjónhimnu, og bæði sjóntaugar, doppa og guli dill voru eðlil. Augnþrýstingur var eðlil., 10 mm á báðum augum.

Sjúkl. var í fyrstu meðhöndlaður með bólgueyðandi lyfjum og einnig lyfjameðferð til að koma í veg fyrir endurblæðingu inn í augað. Sjúkl. var síðan í eftirliti og meðferð hjá undirrituðum meira og minna samfelld þangað til í byrjun júní 1986. Sjón á hægra auga lagaðist smátt og smátt, og um miðjan mars 1986 var hún orðin

næstum eðlil. Í byrjun júní sama ár var sjónin e. t. v. farin að óskýrast aftur, og við skoðun 12. jan. 1987, eftir að sjúkl. hafði orðið var við vaxandi sjóndepru, kom í ljós, að sjúkl. var kominn með allþétt ský á augastein hægra auga, vafalaust af völdum högg-sins, er hann hlaut 13. febrúar 1986. Af þessum sökum var gerð aðgerð á auganu þann 4. sept. 1987. Augasteinninn var fjarlægður. Sú aðgerð gekk eðlilega, nema sjúkl. fékk dál. augnalokssig eftir aðgerðina, sem þó lagaðist að fullu á nokkrum mánuðum. Eftir aðgerðina fékk sjúkl. mjúka aphaki-snertilinsu fyrir vinstra auga og fékk fljótlega um það bil 65-70% sjón með linsunni einni saman. Í desember 1987 kom í ljós, að nokkur þétting var í svokölluðu afturhylki augasteins, sem skilið hafði verið eftir við aðgerðina, eins og venja er. Það þurfti því að gera viðbótaraðgerð til að fjarlægja þessa himnu. Var það gert í staðdeyfingu þann 19. febrúar 1988 og gekk vel og án fylgikvilla. Eftir aðgerðina fékk sjúkl. mun betri sjón eða 6/5 6/5 + með besta gleri.

Að mati undirritaðs hefur sjúkl. nú hlotið fullkomlega endurhæfingu og hefur fulla sjón á hægra auga með hjálp snertilinsu. Hins vegar hefur sjúkl. haft af þessu slysi mjög mikil óþægindi, verulega truflun á starfi sínu og lífi, vinnutap, og segja má, að hann verði aldrei samur maður aftur, t.d. hefur hann algjörlega tapað hæfileikanum til að stilla sjónina nærri sér á hægra auga vegna missis augasteins, og mun það ekki koma aftur, jafnvel þótt síðar yrði settur gerviaugasteinninn í augað. Til þess að sjá skýrt frá sér mun hann ætíð þurfa ytri eða innri linsu og til að geta lesið viðbótarglæraugu. Eftir um það bil 20 komur á læknaðstofu mína og tvær skurðaðgerðir er sjúkl. nú laus við öll lyf, og tel ég, að lækni-meðferð sé að fullu lokið, ef ekki koma nein ný sjúkdómseinkenni fram eða nýjar leiðir opnast til meðferðar.“

Björn Öundurson tryggingayfirlæknir mat örorku áfrýjanda, og í mati hans 21. júní 1988 segir svo í niðurstöðukafla:

„Slasaði mun á komandi tíð eiga bágð með alla fínvinnu. Þá mun hann og eiga bágð með vinnu í mikilli birtu, og einnig býr hann við skerta fjærsjón. Þessi sjónskerðing veldur slasaða þannig verulegum óþægindum, einkum ef tekið er tillit til þess, að sem vélstjóri þarf hann oft að stunda námkvæmnisstörf.“

Örorku áfrýjanda metur tryggingayfirlæknir þannig:

|                       |      |
|-----------------------|------|
| Í sex mánuði .....    | 100% |
| Í tvo mánuði .....    | 50%  |
| Varanleg örorka ..... | 15%  |

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur þrívægis reiknað út örorkutjón áfrýjanda, 8. september 1988, 8. janúar 1990 og 30. apríl 1993. Byggir áfrýjandi kröfugerð sína fyrir Hæstarétti á síðasta útreikningnum. Er að ósk áfrýjanda stuðst við tvenns konar tekjugrundvöll. Annars vegar eru umreiknaðar vinnutekjur áfrýjanda árið 1985 með tilliti til almennra kauptaxtabreytinga svo og með hliðsjón af upplýsingum Kjararannsóknarnefndar um launaþróun. Hins vegar eru áætlaðar vinnutekjur 1. vélstjóra á togara. Miðað við þessar forsendur nema árstekjur eftir 1992 2.624.118 krónum (umreiknaðar vinnutekjur) eða 2.716.117 krónum (áætlaðar tekjur 1. vélstjóra). Reiknað er með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til útreikningsdags 30. apríl 1993, annars vegar vöxtum og vaxtavöxtum og hins vegar einföldum vöxtum, en eftir útreikningsdag er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar. Miðað við síðari kostinn nemur örorkutjón áfrýjanda reiknað á ofangreindan hátt:

Vegna tímabundinnar örorku miðað við umreiknaðar vinnutekjur áfrýjanda 1985 611.595 krónum, en 634.880 krónum miðað við áætlaðar vinnutekjur 1. vélstjóra.

Vegna varanlegrar örorku 4.838.242 krónum miðað við fyrri kostinn, en 5.009.760 krónum miðað við síðari kostinn.

Viðbót vegna tapaðra lífeyrisréttinda er áætluð miðað við fyrri kostinn 316.666 krónur, en hinn síðari 338.678 krónur. Vegna hækkunar í stöðu yfirvélstjóra 1. janúar 1996 er áætlað tekjutap 579.090 krónur og viðbót vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda vegna stöðuhækkunar 34.745 krónur.

Áfrýjandi sundurliðar endanlega kröfugerð sína þannig:

|                               |     |           |
|-------------------------------|-----|-----------|
| „1. Vegna tímabundis orkutaps | kr. | 634.880   |
| — greitt frá atv-rekanda      | —   | 589.482   |
|                               | kr. | 45.398    |
| 2. Varanleg örorka            |     |           |
| i) miðað við 1. vélstj.       | kr. | 5.009.760 |
| ii) hækkun í stöðu            | —   | 579.090   |
|                               | kr. | 5.588.850 |

|                                   |                |
|-----------------------------------|----------------|
| — greitt frá TR                   | kr - 271.860   |
|                                   | kr. 5.316.990  |
| — 35% v/eingr.- og skatthagræðis  | kr. 1.860.946  |
|                                   | — 3.456.043    |
| — greitt af slysatr. samningsb.   | — - 237.584    |
|                                   | kr. 3.263.857  |
| 3. Miskabætur                     | — 450.000      |
| 4. Töpuð lífeyrisréttindi         | — 373.423      |
|                                   | kr. 4.087.280  |
| 5. Bætur v/mism. staðgengilslauna | — 106.569      |
|                                   | Kr. 4.193.849“ |

*Um 1. lið.*

Stefndi hefur mótmælt þessum lið meðal annars með vísan til þess, að áfrýjandi hafi haldið starfi sínu hjá stefnda og fengið full laun. Þykir verða að fallast á rök stefnda um þennan lið og sýkna hann af þessari kröfu.

*Um 2. lið.*

Stefndi mótmælir þessum kröfulið sem of háum. Sérstaklega er mótmælt hækkun vegna færslu í stöðu yfirvélstjóra 10 árum eftir slys, enda sé nú upplýst, að stefndi hafi hætt sjómennsku og stundi búskap. Þá eigi að beita hærri frádrætti vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi.

Fallast ber á að miða bætur við laun 1. vélstjóra, enda var áfrýjandi nýbyrjaður í starfi sem vélstjóri, er slysið varð. Ekki þykir hins vegar grundvöllur til að taka til greina kröfu um hækkun vegna hugsanlegrar færslu í stöðu yfirvélstjóra. Með hliðsjón af þessu og dómvenju um skattfrelsi örorkubóta, hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi og að teknu tilliti til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þykir örorkutjón áfrýjanda hæfilega metið 2.750.000 krónur. Af þeirri fjárhæð bæti stefndi 2/3 hluta, 1.833.333 krónur, en frá því ber að draga bætur úr samningsbundinni slysatryggingu, 237.584 krónur. Nemur því bótaskyld tjón 1.595.749 krónum.

*Um 3. lið.*

Með vísan til þess, sem fram er komið um meiðsli áfrýjanda og afleiðingar þeirra, þykir tjón vegna miska hæfilega metið 150.000

krónur. Af þeirri fjárhæð ber stefnda að greiða 2/3 hluta, 100.000 krónur.

*Um 4. lið.*

Með hliðsjón af því, að áfrýjandi hefur hætt störfum sem vélstjóri og tekið upp óskyld störf, án þess að upplýst sé, að það sé beinlínis vegna slyssins, þykir ekki grundvöllur til að taka þennan kröfulið til greina.

*Um 5. lið.*

Ekki þykja efni til að taka þennan lið til greina með vísan til þess, sem áður er fram komið um 1. lið.

#### IV.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda samtals 1.695.749 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Stefndi greiði áfrýjanda 550.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er tekinn með útlagður kostnaður hans við gagnaöflun, 81.068 krónur samkvæmt yfirliti, sem ekki sætti sérstökum andmælum af hálfu stefnda. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ögurvík hf., greiði áfrýjanda, Antoni Ásgrími Kristinssyni, 1.695.749 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. febrúar 1986 til 30. apríl 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 550.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var 25. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Antoni Ásgrími Kristinssyni, kt. 100860-7599, Stafnaseli 4, Reykjavík, gegn Ögurvík h/f, kt. 430171-0469, Týsgötu 1, Reykjavík, og Tryggingu h/f, kt. 660269-3399, Laugavegi 178, Reykjavík, til réttargæslu með stefnu, þingfestri 8. júní 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 8.000.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda, Ögurvíkur h/f, eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómara. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð að mati dómsins og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt og þess krafist, ef skaðabætur verði á annað borð dæmdar, að ársvextir verði ákveðnir hinir sömu og vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá 13. febrúar 1986 til 8. janúar 1990, en með vöxtum af skaðabótum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til þess dags, þegar einn mánuður verður liðinn frá birtingu endanlegs dóms, og dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Mótmælt er kröfum stefnanda um vaxtavexti.

Þá er mótmælt kröfum stefnanda varðandi útlagðan kostnað vegna gagnaöflunar, samtals að fjárhæð 36.662 kr., og vöxtum af þeirri fjárhæð, sem telja skuli til málskostnaðar.

Engar kröfur eru gerðar f. h. réttargæslustefnda og engum kröfum að honum beint.

Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 31. maí sl., en endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 25. október sl.

# I.

Stefnandi var vélstjóri á bv. Vigra, RE-71, sem er í eigu stefnda, Ögurvíkur h/f. Samkvæmt lýsingu hans eru málsatvik þau, að á heimleið frá Bremerhaven 13. febrúar 1986 hafi hann verið að vinna við að smyrja í fóðringar fyrir hurðarsnerla á vatnsheldum hurðum á skipinu. Hafi þetta verið gert að beiðni yfirvélstjóra, og notaði stefnandi til þess handþrýstidælu, sem hafi verið með u. þ. b. 35 mm langri slöngu og stút, sem falla átti upp á smurkoppa þá, sem smyrja átti í.

Stefnandi hafði smurt í nokkrar fóðringar, þegar tjónsatburðurinn gerðist, þannig, að slangan, sem var á handþrýstidælunni, hefði sprungið, og um leið hefði stúturinn á handþrýstidælunni skroppið af smurkoppnum og sveiflast með töluverðu afli í hægra auga stefnanda.

Í aðilaskýrslu stefnanda er tekið fram, að smurkoppar þessir eigi það til að stíflast lítillaga, þannig, að oft nægi að þrýsta aðeins fastar með handþrýstidælunni til að losa stífluna og smyrja í smurkoppinn og um leið í fóðringuna. Til vara hafi hann verið með nokkra aukasmurkoppa með sér til þess að skipta um þá, sem hafi verið alveg stíflaðir, og hafi hann verið

búinn að skipta um nokkra smurkoppa. Tiltekið sinn hafi hann verið að smyrja kopp, sem reynst hafi lítillaga stíflaður. Hafi hann reynt að losa stífluna með því að þrýsta aðeins fastar, en þá hafi það viljað til, að slangan sprakk með fyrrgreindum afleiðingum.

Þegar eftir slysið hafi verið gert að auga stefnanda og það hreinsað, og síðan var hann látinn hafa hægt um sig, uns hann tveimur dögum síðar, 15. febrúar 1986, hafi komist til skoðunar hjá augnlækni. Afleiðingar slyss þessa urðu þær, að stefnandi missti augastein í hinu slasaða auga, sem var hægra augað, og þótt hann sjái nokkuð með því að nota snertilinsu, séu sjónhæfileikar hans mjög skertir. Örorka stefnanda af slysi þessu hafi verið metin 15% til frambúðar.

Stefnandi heldur því fram, að slangan á smurdælu þeirri, sem sér hafi verið fengin í hendur, hafi verið gölluð, hvort sem það hafi verið af elli eða öðrum ástæðum, og þess vegna hafi hún rifnað, þegar stefnandi var að vinna með dælu þessari, og með þeim afleiðingum, sem fyrr er lýst.

Stefnandi vísar til meginreglu skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð og sakarreglunnar, þar sem tjón stefnanda sé sennileg afleiðing saknæmrar og ólögðmætrar hegðunar starfsmanna stefnda að fá stefnanda í hendur tæki, sem ekki hafi verið í lagi. Gera verði kröfur til þess, að verkfæri, sem eigi beri glöggst með sér, að þau séu orðin gölluð, séu endurnýjuð á vissum fresti, líkt og hlutir í flugvélum. Mjög algengt sé og góð vinnuregla og nauðsynleg, að verkfæri séu endurnýjuð, áður en til þess komi, að þau bili. Að hafa ekki gert svo verði metið eiganda skipsins til sakar samkvæmt reglunni um húsbóndaábyrgð. Við munnlegan flutning málsins byggði stefnandi einnig á því, að stefndi bæri sem vinnuveitandi hlutlæga ábyrgð á því, að verkfæri, sem stefnandi notaði, hafi verið gallað eða bilað.

Í samræmi við örorkutjónsútreikning, dags. 8. janúar 1990, hefur stefnandi gert svofellda grein fyrir tjóni sínu:

|                               |               |     |           |
|-------------------------------|---------------|-----|-----------|
| Vegna tímabundins orkutaps    |               | kr. | 634.880   |
| — greiðslu atvinnurekanda     |               | —   | 589.482   |
|                               |               | kr. | 45.396    |
| Varanlegt orkutap             | kr. 4.091.624 |     |           |
| — bætur frá Tryggst.          | — 271.860     |     |           |
|                               | kr. 3.819.764 |     |           |
| — 35% vegna skattleysis       |               |     |           |
| og eingreiðslu                | kr. 1.336.917 | kr. | 2.482.847 |
|                               |               | kr. | 2.528.243 |
| — greitt af sammingsb. slysa- |               |     |           |

|                                      |     |        |               |
|--------------------------------------|-----|--------|---------------|
| tryggingu                            |     | kr.    | 237.584       |
|                                      |     | kr.    | 2.290.655     |
| Miski                                |     | —      | 450.000       |
| Töpuð lífeyrisréttindi               |     | —      | 283.590       |
|                                      |     | kr.    | 3.024.245     |
| Bætur m. v. hækkun í stöðu           |     | kr.    | 445.578       |
| Töpuð lífeyrisréttindi af sama       |     | —      | 26.735        |
| Bætur v. mismunar staðgengils.       |     | —      | 106.569       |
|                                      |     | kr.    | 3.603.127     |
| Útlagður kostnaður:                  |     |        |               |
| Örorkutjónsútreikn. G. Hansen        | kr. | 22.042 |               |
| Síðari örorkutjónsútreikn. G. Hansen | —   | 16.347 |               |
| Spítalakostn. og linsa               | —   | 7.690  | kr. 46.075    |
|                                      |     |        | Kr. 3.649.202 |

Af hálfu stefnanda er tekið fram, að stefnukrafa málsins sé sett fram, svo sem að framan greini, til þess að vernda hagsmuni stefnanda. Sé þá haft í huga, að langur tími geti liðið, uns málið verði dæmt í Hæstarétti, fari svo, að til áfrýjunar komi.

## II.

Stefndi heldur því fram, að ekki sé vitað, að smurdælunni hafi að einhverju leyti verið áfátt, áður en stefnandi hóf að nota hana tiltekið sinn. Ekki sé heldur vitað, af hvaða orsökum slangan hafi rifnað. Verði helst ráðið, að óhappatilviljun hafi valdið slysinu, sem engum verði kennt um. Verði hins vegar einhverjum kennt um, sé einvörðungu við stefnanda sjálfan að sakast fyrir óvarleg vinnubrögð með því að hafa þrýst af of miklu afli á smurdæluna, þegar hann hafi orðið þess var, að smurkoppurinn væri stíflaður. Þar sem hann hafði aukasmurkoppa í fórum sínum, hefði enn fremur verið sjálfsögð varúðarráðstöfun að skipta um koppinn, áður en hann beitti auknu handafli.

Stefndi mótmælir þeim röksemdum stefnanda, að fébótaábyrgð verði á hann lögð, þar sem þess hefði ekki verið gætt, að stefnandi fengi í hendur smurdælu, sem væri í lagi. Ekki hafi verið sýnt fram á, að forsvarsmenn stefnda hafi haft nokkra ástæðu til að skipta um smurdæluna eða slönguna í henni. Þannig sé m. a. ósannað, að slangan hafi verið komin svo til ára sinna, að af þeim ástæðum hafi verið þörf á endurnýjun. Að því beri einnig að hyggja, að þótt slanga á smurdælunni hafi rifnað, þá séu hverfandi litlar líkur til, að slík bilun geti leitt af sér skaða. Í tilviki stefnanda verði því

að telja, að það hafi verið viðbrögð hans sjálfs og handahreyfingar, sem ollu því, að slangan slóst í auga hans. Fyrirsvarsmenn stefnda, hvort sem þeir unnu um borð í skipinu eða í landi, hafi ekki með nokkru móti getað séð það fyrir, að stefnandi gæti skaðast af notkun dælnunnar. Jafnvel þótt bilun í slöngunni verði rakin til elli hennar eða galla, geti tjón stefnanda aldrei talist vávæn afleiðing af því.

Þá hafi það verið í verkahring stefnanda sem 1. vélstjóra að gæta þess að því marki, sem unnt væri, að þau áhöld, sem unnið var með í vélarrúmi, væru í lagi og ekki til þess fallin að valda hættu. Verði því að telja, að þær ávirðingar, sem hann ætla, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi gerst sekir um, séu ávirðingar, sem hann sjálfur hafi þá umfram allt gerst sekur um. Fyrst hann hafi ekki tekið smurdæluna úr umferð eða skipt um slöngu á henni, áður en til bilunar kom, séu engin efni til að sakast við aðra um það.

Af framangreindu sé ljóst, að ósannað sé með öllu, að líkamstjón stefnanda verði rakið til sakar starfsmanna stefnda, sem hann beri bótaábyrgð á. Þá verði bótaábyrgð stefnda ekki heldur leidd af neinum réttarreglum um strangari eða hlutlæga bótaábyrgð, og var málsástæðum stefnanda í þá veru, sem settar voru fram við munnlegan málflutning, mótmælt sem of seint fram komnum.

Varakröfu sína styður stefndi því, að stefnukröfurnar beri að lækka verulega vegna eigin sakar stefnanda, en einnig því, að kröfurnar séu tölulega allt of háar og örökstuddar.

Stefndi reisir varakröfuna á sömu lagasjónarmiðum og aðalkröfu og telur, að ekki fari á milli mála, að stefnandi sé að verulegu leyti meðábyrgur fyrir því tjóni, sem hann hlaut í slysinu. Komi því einungis til álita að dæma stefnda til ábyrgðar að litlum hluta.

Samkvæmt fram lögðu örorkumati sé varanleg örorka stefnanda metin 15%. Á það beri að leggja ríka áherslu, að hér sé um hreint læknisfræðilegt mat að ræða og alls enginn mælikvarði á skert aflahæfi stefnanda af völdum slyssins. Í þessu sambandi ber m. a. að gæta þess, eins og fram komi í læknisvottorði dr. med. Ólafs Grétars Guðmundssonar, að stefnandi hafi fulla sjón á hægri auga með hjálp snertilinsu. Virðist örorkan einkum stafa af óþægindum við nákvæmnisstörf. Hæpið sé, að slík óþægindi hafi í för með sér skerta starfsorku. Þannig hafi stefnandi haldið fyrra starfi sínu, og sé vafamál, að tekjur hans hafi nokkuð skerst fram til þessa.

Að því marki, sem starfsgeta stefnanda kunni að hafa skerst í slysinu, beri að lækka kröfur um örorkubætur verulega vegna skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis. Ótvírætt sé, að af þeim launum, sem stefnandi kunni að hafa orðið af vegna slyssins, hefði hann orðið að greiða 37,74% í tekjuskatt. Þar sem markmið skaðabótanna sé að gera tjónþola fjárhagslega jafnsettan eftir slys og hann var fyrir slys, en ekki betur settan, beri að

lækka örorkubæturnar um a. m. k. 37,74% auk lækkunar vegna eingreiðsluhagræðis samkvæmt dómvenju.

Mótmælt er hækkun bóta fyrir vinnutekjutap, sem miðað sé við hugsanlega stöðuhækkun tíu árum eftir slys. Ósannað sé með öllu, að stefnandi fái slíka stöðuhækkun, og allt eins kunni hann að hverfa frá störfum á sjó og til starfa í landi. Engin rök séu fyrir því, að þessi kröfuliður komi til álita. Enn fremur er mótmælt kröfum vegna tapaðra lífeyrisréttinda. Þar sem mjög óljóst sé, að stefnandi verði í raun fyrir nokkru launatapi vegna slyssins, sé fráleitt að ætla, að lífeyrisréttindi hans hafi að einhverju leyti skerst. Slík krafa styðjist við engin dómafordæmi, svo að vitað sé.

Kröfu um miskabætur er mótmælt sem allt of hárrí, örökstuddri og í engu samræmi við dómaframkvæmd. Við ákvörðun miskabóta ber að hafa í huga, að grundvöllur hinnar varanlegu örorku er aðallega atriði, sem virða ber sem miska og hafa engin áhrif á tekjuöflunarhæfni stefnanda framvegis. Megi því segja, að miskabótakrafa hans sé að mestum hluta innifalin í kröfunni um bætur fyrir varanlega örorku.

Mótmælt er sérstakri kröfu stefnanda vegna vinnutekjutaps tímabilið 15. 2.-15.3. 1988, er hann var frá vinnu vegna aðgerðar á hinu skaddaða auga. Tekið hafi verið tillit til þess vinnutekjutaps í útreiknuðum bótum fyrir tímabundna örorku.

Frá tildæmdum bótum beri að draga bætur, sem stefnandi hafi fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð 271.860 kr., bætur úr slysatriðgingu sjómanna, að fjárhæð 172.080 kr., svo og laun, sem stefndi hafi greitt stefnanda í slysaförföllum.

Varðandi vaxtakröfur vísast til dómvenju svo og 7. og 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Frá slysdegi til uppsögudags endanlegs dóms beri að reikna með sömu vöxtum og reiknað sé með í örorkutjónsútreikningi, þ. e. einföldum vöxtum af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands.

Málskostnaðarkröfur séu reistar á 177. og 178. gr. eml. nr. 85/1936. Kröfur varðandi útlagðan kostnað séu reistar á 1. mgr. 175. gr. eml. og langri dómvenju. Þá beri að lækka þennan kröfulið um 14.620 kr., þar sem kostnaður vegna örorkumats hafi þegar verið greiddur úr slysatriðgingu sjómanna.

### III.

Stefnandi, Anton Ásgrímur Kristinsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi í þessu máli svo og vitnið Jón Bjarnason yfirvélstjóri.

Í skýrslu sinni fyrir dómi skýrði stefnandi frá tildrögum slyssins. Hann kvað yfirvélstjóra hafa beðið sig að liðka upp á hurðaskálgur í vatnsheldum hurðum um borð. Kvaðst stefnandi hafa verið búinn að smyrja í nokkrar hurðir á millidekki og verið kominn upp á dekk og var þar að smyrja í

hurð við verkstæði. Hann hafi verið að smyrja í um augnhæð, þegar hann hafi fengið högg í augað og fundið „rosalegan“ sársauka, hafi legið hálf-lamaður svolitla stund, en síðan staðið upp og leitað aðstoðar. Stefnandi, sem hafði oft áður notað þessa smurningsdælu, hafði ekki orðið þess var, að dælunni væri á einhvern hátt áfátt, og fannst honum dælan verka eðlilega fram að því, að slysið varð. Stefnandi taldi, að slangan á dælunni hefði sprungið og við það losnað af smurkoppnum og sveiflast í auga sér. Stefnandi kvaðst ekki hafa skoðað slönguna eftir slysið, en vitnið Jón Bjarnason, yfirvélstjóri á Vigra, sagði fyrir dómi, að sig minnti, að barkinn hefði verið þverkubbaður uppi við stútinn dælu megin, rifa á honum hálfum, nóg til þess, að barkinn hefði hlaupið eða hrokkið til, þegar hann brast. Vitnið sagði, að barka þessum hefði ekki verið haldið til haga, líklega fleygt, þegar skipt var um barka.

Í fram lögðum útdrætti úr leiðarabók b/v Vigra, RE- 71, frá 13. febrúar 1986 segir svo um atburð þennan:

„Verið á siglingu.

Um morguninn, þegar 1. vélstjóri, Anton Kristinsson, var að liðka tessa á hurðinni á verkstæði, sprakk slangan á smursprautunni, og slóst hún í hægra auga honum, og fór smurningur í augað. Var augað deytt og hreinsað eftir bestu getu og síðan leppur settur fyrir það. Var Anton látinn hafa hægt um sig.“

Í fram lögðum útdrætti úr véladagbók b/v Vigra, RE- 71, frá 13. febrúar 1986 segir svo um atburð þennan:

„Verið á heimsiglingu.

Anton fær koppafeiti af miklu afli í hægra auga, þegar slanga á sprautu rifnar. Augað þrifið og bundið um það.“

Samkvæmt framansögðu verður að telja nægilega í ljós leitt, að slysið hafi orðið vegna þess, að barkinn á smurningsdælunni rifnaði, er stefnandi var að smyrja með henni tiltekið sinn. Samkvæmt álitni hinna sérfróðu meðdómsmanna á slíkur barki, sem er í eðlilegu ásigkomulagi, ekki að geta rifnað við venjulega notkun smurningsdælnnar. Slíkt á ekki að geta gerst, nema barkinn sé mjög slitinn orðinn eða gallaður og óeðlilega miklu afli beitt við notkun dælnnar. Ekki liggur fyrir, að barki þessi hafi verið slitinn eða gallaður með öðrum hætti, enda var honum ekki haldið til haga. Um ástand barkans að þessu leyti verður því ekkert fullyrt, en ólíklegt verður þó að telja, að hann hafi verið í eðlilegu ásigkomulagi, og ber stefndi sönnunarbyrði um hið gagnstæða, eins og hér hagar til.

Í skriflegri aðilaskýrslu stefnanda kemur fram, að hann hafi verið með aukasmurkoppa með sér til þess að skipta um þá, sem væru stíflaðir. Smurkoppurinn, sem hann var að smyrja í, þegar slysið varð, hafi reynst vera

stíflaður, og hafi hann þá reynt að losa stífluna með því að þrýsta aðeins fastar, en þá hafi slangan rifnað og slysið orðið.

Samkvæmt áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna hefði stefnandi við þessar aðstæður átt að skrúfa smurkoppinn úr og ganga úr skugga um, að smurrásin til legunnar væri opin, og setja síðan nýjan kopp í staðinn.

Þegar framangreint er virt, verður að telja, að slys stefnanda hafi orðið vegna þess, að barkinn á smurningsdælunni, sem hann notaði við verkið, hafi ekki verið í lagi, samfara því, að hann hafi beitt of miklu afli til að þrýsta feitinni í smurningsrásina tiltekið sinn.

Við mat á því, hvort bótaábyrgð verði lögð á stefnda vegna slyss þessa, ber að líta til þeirrar vinnureglu, sem hinir sérfróðu meðdómsmenn telja gilda um viðhald slíkra handverkfæra, að skipt er um barka, þegar þeir fara sjáanlega að bila. Ekkert liggur fyrir um það, að svo hafi verið í því tilviki, sem hér um ræðir, enda hefði stefnandi þá sjálfur átt að verða þess var, sem hafði oft notað þessa dælu áður og einnig í þessari ferð skipsins. Að þessu virtu verður ekki talið, að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins samkvæmt reglum skaðabótaréttar um vinnuveitanda-ábyrgð. Þá verður ekki heldur talið, að stefndi beri bótaábyrgð samkvæmt hlutlægre ábyrgðarreglu, svo sem stefnandi byggði á við munnlegan flutning málsins. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Eggert Óskarsson borgardómari ásamt meðdómsmönnum Lárusi Björnssyni og Ragnari Bjarnasyni vélfræðingum.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ögurvík h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Antons Ásgríms Kristinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.